


Deiliskipulag samþykkt í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 11.06.2008




Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018, Bíldudalur

## GREINARGERÐ

Lýsing:
Deiliskipulagssvæðið er um 8 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnarsvæði í Búðargili. Í tillgöu að breytingu á aðalskipulagi fyrir þéttbýlið á Bíldudal er svæðið sem framkvæmdin nær til skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Þar fyrir neðan breytist íbúðarsvæði í frístundabyggð.

Leiðigarðurinn er um 300 m langur og er afgerandi snjóflóðarenna norðan við garðinn. Lækjarfarvegi sem áður rann niður hlíðina er beint að rennunni í nýjan grjótvarinn farveg með tjörnum.
Í jaðri snjóflóðavarnanna verður trjáræktarsvæði með gönguleiðum að áningar og útsýnisstöðum. Uppgræðsla svæðisins miðar við að loka yfirborði og hindra rof.
Neðan við farveginn verður að fjarlægja hús og/eða breyta nýtingu þeirra.

Skipulagsskilmálar:
Aðkoma. Við núverandi bílastæði við Lönguhlíð verður dvalarsvæði með upplýsingaskiltum.
2 m breiðir göngustígar liggja um ný trjáræktarsvæði og að útsýnispalli við enda leiðigarðsins.
3 m breiðir viðhaldsstígar verða um leiðigarðinn og upp með farveginum. Girðing, 1,2 m há verður meðfram vestanverðum leiðigarðinum.

Íbúðarhús sem verða rifin. Samtals þarf að rífa 2 hús auk skúra. Íbúaðarhús með breyttri nýtingu. Samtals 3 hús verða skilgreind þar sem verður takmörkun á gistingu frá 1. nóvember til 20.apríl (sambærilegt og er fyrir frístundabyggð í Tungudal á Ísafirði). Atvinnuhúsnæði á hafnarsvæðinu verða með takmarkaða nýtingu frá 1. nóvember til 20. apríl.




Tillaga að deiliskipulagsbreytingu

## BREYTINGARTILLAGA

Vegna deiliskipulags um íbúabyggð í Lönguhlíð hliðrast skipulagsmörk til og svæðið minnkar um 2000 m². Mörkin færast meðfram veginum, ofan við Lönguhlíð 7 - 12.
Bílastæði og dvalarsvæði falla niður. Stærð svæðis eftir breytingu er 7,8 ha.

- Stígur
- Vegur
- Nýr trjágróður (til skýringar)
- Íbúðarhús sem verða rifin auk skúra
- Frístundahús með takmarkaðri gistingu og skúrar
- Atvinnuhúsnæði með takmarkaðri nýtingu
- Mörk deiliskipulagssvæðis

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags-, umhverfis- og skipulagsráði Vesturbyggðar
þann __________2014
Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 41.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Vesturbyggðar
þann _________ 2014

-----------------------------------

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri

| BR. | DAGS. | BREYTING | REIKN. | TEIKN. |
| --- | --- | --- | --- | --- |

VESTURBYGGÐ
AÐALSTRÆTI 63 - 450 PATREKSFIRÐI - 450 2300

LANDMÓTUN HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

# BÍLDUDALUR VESTURBYGGÐ

## BREYTING Á DEILISKIPULAGI SNJÓFLÓÐAVARNIR VIÐ BÚÐARGIL

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

SKIPULAG: MÓ, MGJ
TEIKNAÐ: MGJ
SAMÞYKKT
KT.

KVARÐI 1: 1500
KÓPAVOGUR dags. 17.09.[illegible]

VERKNR. 4607-UD1403
TEIKN. NR. S01
BR. A